

Hulda Kristjánsdóttir

From: Sveinn Ægir Birgisson <sveinn@bfa.is>
Sent: mánudagur, 30. október 2023 20:29
To: Sveitarstjóri Flóahrepps
Subject: Neyðarkall 2023

Sæl Hulda

Nú er sala á stóra neyðarkallinum hafinn. Hagnaður af sölunni rennur beint til okkar félags og erum við að leitast eftir stuðningi fyrirtækja og stofnana við að styrkja okkar mikilvægu starfsemi. Í gegnum tíðina hefur almenningur haft mikinn skilning á störfum björgunarsveita enda veit fólk að þegar neyðarkall berst bregðast þær hratt við með allan sinn mannskap, búnað, tækni og þekkingu.

Fyrirtækjum og stofnunum stendur til boða að styðja okkur með kaupum á stóra neyðarkallinum. Stuðningurinn er okkur gríðarlega mikilvægur því sveitin er í miklum vexti, má þar nefna að sveitin hefur nýverið fjárfest í nýjum framlínu bíl Ford 350 sem verið er að breyta í fullkomið björgunartæki.

Í ár er þema neyðarkallsins Svæðisstjórn, en svæðisstjórn sér um stjórnun, utanumhald og skipulagningu allra aðgerða björgunarsveita. Lágmarks tilboð í hann er 70.000 krónur, en frjálst er að styrkja félagið með hærri upphæð.

Mætti bjóða ykkur að styrkja okkar mikilvægu starfsemi ?

Fyrir hönd Björgunarfélags Árborgar
Sveinn Ægir Birgisson